

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Sólvelli.

Heiti.

1. gr.

Sjálfseignarstofnunin heitir Sólvellir og starfar skv. lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Stofnunin er öldrunarstofnun og er ekki rekin í hagnaðarskyni.

Heimilisfang.

2. gr.

Heimilisfang Sólvalla er að Rósarvöllum 1 í Hafnarfirði.

Markmið.

3. gr.

Markmið Sólvalla er að reisa og reka hjúkrunarheimilið að Rósarvöllum 1 í Hafnarfirði með vísan til sammings við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði og félags- og tryggingamálaráðuneyti þar að lútandi. Stofnunin verður rekin á grundvelli laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

Stofnendur.

4. gr.

Stofnendur stofnunarinnar eru Félag eldri borgara í Hafnarfirði, kt. 460476-0899, til heimilis að Flatahrauni 3, Hafnarfirði, með stofnframlag kr. 150.000. Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, kt. 700672-0939, til heimilis að Hellisgötu 16, Hafnarfirði, með stofnframlag kr. 150.000. Hnjúkaþeyr, kt. 591094-2629, til heimilis að Rósarvöllum 1, Hafnarfirði, með stofnframlag kr. 700.000.

Stofnfé.

5. gr.

Stofnfé Sólvalla er kr. 1.000.000 sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 4. gr. Stofnfé þetta er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar. Stofnendur aftur á móti bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna stofnunarinnar umfram framangreint stofnfé.

Stjórn.

6. gr.

Stjórn Sólvalla skal skipuð fimm mönnum til 4 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðal-
mönnnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn kjósa nýja stjórn við lok kjörtímabils.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tók á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Fundarboðun.

7. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Aðrar stjórnareiningar.

8. gr.

Stjórn Sólvalla er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en fer ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Endurskoðun.

9. gr.

Stjórn Sólvalla skal velja löggiltan endurskoðanda/endurskoðunarfélag til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða stofnenda Sólvalla.

Reikningsárið.

10. gr.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

Breyting samþykktá, slit og sameining.

11. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumanns á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér framar eða skyldra markmiða.

Staðfesting sýslumanns.

12. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumanns á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 19. ágúst 2010.

Ríkarður Másson.

Björn Ingi Óskarsson.